

18. fundur stjórnar Pekkingarsetursins Nýheima

19. febrúar kl. 8:15 – Nýheimum, Höfn í Hornafirði

Mætt:

Ragnhildur Jónsdóttir, formaður stjórnar
Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofnun Suðausturlands
Vala Garðarsdóttir, Hornafjarðarsöfn
Fanney Björg Sveinsdóttir, SASS
Tinna Björk Arnardóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Árdís Erna Halldórsdóttir, Ríki Vatnajökuls

Forföll:

Eyjólfur Guðmundsson, FAS
Þorvarður Árnason, Háskólasetrið Höfn

Fundarstjóri: Tinna Björk Arnardóttir
Fundarritari: Fanney Björg Sveinsdóttir

Dagskrá

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir.

2. Auglýsing um starfsmann Nýheima samþykkt og send

2.1 Vala sýndi okkur auglýsinguna sem búið er að setja saman vegna nýrrar stöðu verkefnastjóra.

Ákveðið að auglýsa á eftirfarandi stöðum:

- Morgunblaðið
- Fréttablaðið
- Eystrahorn
- Tengslanet BHM
- Sveitarfélagsvefinn, www.hornafjordur.is

Lesið síðasta prófarkalestur yfir umsóknina. Örfáar lagfæringar og snurfus. Vala ætlar að ljúka þeirri vinnu og senda auglýsingu.

2.2 Í tengslum við auglýsinguna, fór Vala yfir þær leiðréttingar sem hún hefur gert á vefsíðunni www.nyheimar.is en ákveðið var að setja starfsauglýsinguna inn á síðuna.

Umræður voru um framtíð heimasíðu Nýheima. Fanney og Tinna ætla að skoða.

3. Umhverfis- og sorpmál Nýheima

Upp kom misskilningur með frágang sorps og hlutverk húsvarða við það í síðustu viku. Vala heyrir í húsvörðum með fyrirkomulag á sorpmálum.

Einnig rifjuð var upp umhverfisstefna og ætlar Vala að fara í gegnum hana með húsvörðunum svo þeir geti endurskipulagt sitt verkferli í samræmi við það.

Ákveðið var að Kristín, formaður umhverfisnefndar Nýheima, ásamt Ragnhildi og Völu, heyra í Birni Imsland með varanlega lausn á staðsetningu sorptunna fyrir fasteignirnar ráðhúsið og Nýheima.

4. Tiltekt í fundargerðum og uppfærðar starfsreglur stjórnarfundar

Fanney sagði frá tiltekt hennar og Rögggu í fundargerðum en þær hittust í síðustu viku og komu reglu á allar fundargerðir. Einnig settu þær saman verkferli um starfsreglur fundar, byggt á þeim starfsreglum sem samdar voru af stjórninni núna í haust.

Samþykkt. Sjá viðhengi í fundarmöppu.

Fanney sendir starfsreglur fundar á stjórnarmenn.

5. Húsaleiga

Kristín fór yfir þetta mál. Upplýsingar skortir um gjaldskrá húsaleigu í Nýheimum.

Ákveðið að Árdís, gjaldkeri stjórnar Nýheima, sendi formlegt erindi til Sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem óskað er eftir sundurliðuðu yfirliti yfir gjaldskrá vegna leigu á skrifstofurými í Nýheimum.

6. Önnur mál

Rætt um lélegt farsímasamband í Nýheimum.

Kristín, Ragnhildur og Vala ræða þetta við Björn Imsland með áðurnefndum erindum þangað.

Fundi slitið kl. 9.40

Næsti fundur er þann 5.mars næstkomandi. Ragnhildur stýrir þeim fundi og Eyjólfur ritar.

Tinna B. Arnardóttir

Fanney Þing Svinsdóttir